

Sáttmáli, tilbeiðsla og samfélag

Um brúarsmíði í biblíulegri guðfræði Þóris Kr. Þórðarsonar

Grein Þóris Kr. Þórðarsonar (1924–1995) „Ný kirkjuleg guðfræði“ frá árinu 1961¹ er að mörgu leyti lykillinn að allri guðfræði hans, eða „stefnuskrá“, eins og komist hefur verið að orði.² Hér verður greinin tekin til skoðunar og hún borin saman við ýmsar aðrar greinar hans í því skyni að varpa ljósi á afstöðu Þóris til gamlatestamentisfræða og þá einkum fræðigreinarinnar guðfræði Gamla testamentisins. Sú fræðigrein var alltaf í hávegum höfð hjá Þóri þótt hún væri löngum sniðgengin hjá mörgum starfsbræðrum hans á Norðurlöndum á hans tíð.³ Jafnframt varð Þóri tíðrætt um mikilvægi þess að „byggja brú“ frá hinum fornu textum yfir til samtímans og kom hugtakið „heimfærsla“ þar gjarnan við sögu, sem og „samtal fortíðar og nútíðar“.

Aldrei samdi Þórir þó bók um guðfræði Gamla testamentisins en hér verður leitast við að gera grein fyrir nokkrum meginatriðum í afstöðu hans, eins og hún birtist í ýmsum greinum hans og fjölrítum. Einnig verður fjallað stuttlega um menntun hans og ýmsa áhrifavalda. Þar og víðar er, auk opinberra gagna, byggt nokkuð á persónulegum sendibréfum Þóris og öðrum óbirtum gögnum úr hans fótum. Það segir sig þó sjálft að í grein eins og þessari verður ekki hægt að vitna í nema mjög takmarkaðan fjölda þeirra greina sem Þórir skrifaði á sínum langa starfsferli.

Í ár eru 25 ár liðin síðan Þórir lést og má því teljast við hæfi að birtist á prenti dálítill samantekt um nokkur áberandi einkenni í guðfræðihugsun hans, auk þess sem nægileg söguleg fjarlægð er væntanlega kominn til að slík rannsókn sé raunhæf.

Markmið og rannsóknarspurning

Meginspurningin sem glímt er við í þessari ritsmíð er sú hvaðan áhersla Þóris á „brúarsmíði“, „heimfærslu“ og „samtal fortíðar og nútíðar“ er fengin og hvernig sú áhersla hans hugsunin að baki sáttmálshugtakinu og og nokkur önnur megin Einkenni í gamlatestamentisfræðum hans, einkum áherslan á sáttmálann, tilbeiðsluna og samfélagið, koma heim og saman við ríkjandi stefnur og strauma á fræðasviðinu í samtíð hans. Þá verður leitað svara við því hvort og þá hver sé þungamiðja Gamla

¹ Þórir Kr. Þórðarson. „Ný kirkjuleg guðfræði“, *Vísindi efla alla dád: Afmáliskveðja til Háskóla Íslands*, Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar, 1961. Greinin var endurprentuð í afmálsriti tileinkuðu Þóri í *Ritröð Guðfræðistofnunar* 8/1994. Yfirskrift þessa heftis í *Ritröðinni* var: *Trú og þjóðfélag: Afmálsrit dr. Þóris Kr. Þórðarsonar prófessors: Gefið út í tilefni af sjötugsafmáli hans 9. júní 1994*; ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson. Hér eftir er vísað í þetta hefti *Ritradarinnar* sem *Trú og þjóðfélag: Afmálsrit* en í ofangreinda grein („Ný kirkjuleg guðfræði“) verður áfram vísað í upphaflegu útgáfuna sem getið er hér fremst.

² Jón Sveinbjörnsson, „Þórir Kr. Þórðarson: Minning“, *Morgunblaðið* 7. mars 1995.

³ H. Ringgren, *Old Testament Exegesis*, Acta Universitatis Upsaliensis, Faculty of Theology at Uppsala University, Uppsölum: Uppsala University Publications, 1976, bls. 41–49.


testamentisins að mati hans. Spurningin um þungamiðju eða samnefnara fyrir hið mikla og fjölbreytilega ritsafn sem Gamla testamentið er var talsvert á dagskrá á þeim árum sem Þórir lét til sín taka á fræðasviðinu.⁴

Með þessu móti móti verður vonandi hægt að draga upp nokkuð raunsanna mynd af biblíufræðingnum Þóri Kr. Þórðarsyni. Auðvelt verður það þó ekki því að sjálfur var hann ófeiminn við að skipta um skoðun og verður líka að hafa í huga að margt af því sem hann sagði, t.d. í kennslustundum og jafnvel það sem hann skrifaði í fjölrítum, var fremur sett fram til að kalla á viðbrögð en að það bæri að líta á það sem fastmótaðar skoðanir hans. Þar við bætist að sagt hefur verið um Þóri að hann hafi „mótað sína eigin afstöðu sem er öllu ólík og verður ekki dregin í dilka einfalds flokkunarkerfis...“⁵

Æviágrip

Þórir Kristinn Þórðarson fæddist í Reykjavík 9. júní 1924. Foreldrar hans voru hjónin Þórður Nikulásson vélstjóri og Þorbjörg Baldursdóttir húsfreyja. Eins og títt var um unglunga á þeim árum vann Þórir ýmis verkamannastörf á sumrin. Vegna kunnáttu sinnar í ensku fékk hann starf sem túlkur í Bretavinnunni árið 1940. Hann starfaði ungur bæði í skátaheyfingunni og KFUM. Stúdentsprófi lauk hann frá MR 1944.

Starfsbróðir hans við guðfræðideildina, Jón Sveinbjörnsson prófessor, minnst þess að hafa frétt það þetta ár að Þórir væri tekinn að lesa arabísku hjá de Fontenay, sendiherra Dana á Íslandi.⁶ Löngu síðar, á sumardaginn fyrsta 1993, þegar Þórir var kominn að því að ljúka kennsluferli sínum við guðfræðideild og átti við alvarleg veikinda að stríða skrifaði hann nemendum sínum í hebresku bréf. Þar hvatti þau hann um haustið. Mér finnst ástæða til að birta hér hluta bréfsins vegna þess hve það er bæði skemmtilegt og lýsandi fyrir Þóri. Hann byrjar á því að segja að hebreska sé auðvelt mál en það sé framandi vegna letursins, en bætir við:



Þórir Kr. Þórðarson prófessor

⁴ Segja má að þessi spurning hafi fyrir alvöru komið á dagskrá með þriggja binda verki Þjóðverjans Walters Eichrods (1890–1978) á árunum 1933–1939 þar sem sáttmálshugsunin var það sem allt verkið var látið snúast um. Sjá enska þýðingu verksins: W. Eichrodt, *Theology of the Old Testament 1*, þýð. J.A. Baker, London: SCM Press, 1961, og W. Eichrodt, *Theology of the Old Testament 2*, þýð. J.A. Baker, London: SCM Press, 1967. Þetta mikla verk Eichrods hefur löngum verið álitnið eitt hinna mikilvægustu í sögu fræðigreinarinnar guðfræði Gamla testamentisins. Um umfjöllun um verk Eichrods sjá John H. Hayes og Frederick C. Prussner, *Old Testament Theology: Its History and Development*, London: SCM Press, 1985, bls. 179–184.

⁵ Páll Skúlason, „Allir stúdentar þurfa að frelsast“, *Trú og þjóðfélag: Afmálsrit*, bls. 29–33, hér 32. Rétt er að taka fram að Páll er ekki að ræða um stöðu Þóris innan gamlatestamentisfræðanna í tilvitnuninni.

⁶ Jón Sveinbjörnsson, „Um Biblíugúðfræði Þóris Kr. Þórðarsonar“, *Trú og þjóðfélag: Afmálsrit*, bls. 19.

Til gamans skal ég segja ykkur frá því að haustið 1944 hóf ég nám í arabísku hjá Frank le Sage de Fontenay, sendiherra Dana á Íslandi, sem var mikill arabisti. Ég vann í Mulningsvélinni þá um sumarið (hún var inn við Laugaveg, löngu horfin). Þar var stórgrýtið mulið í fingerða möl. Við keyrðum grjótið í kjaftinn á mulningsvélinni, en ég fór þannig að, að ég hafði í vasa mínum litla seðla. Á hvern seðil hafði ég ritað einn arabískan staf. Þegar ég var búinn að sturta grjótinu úr hjólbörnunum í kjaftinn á vélinni tók ég upp miðann og leit á hann. Á leiðinni með hjólbörurnar í grjót námið festi ég þennan eina staf í minni. Þannig lærði ég allt stafrófið án minnstu fyrirhafnar!⁷

Síðan biður hann nemendur sína að fara að á svipaðan hátt.

Veturinn 1945–1946 dvaldist Þórir í Uppsölum og var það hans fyrsta utanlandsdvöl. Hann hefur lýst því hve dómkirkjan þar hafi haft mikil áhrif á hann. Þar hafi hann sótt guðsþjónustur á á hverjum sunnudegi ásamt nokkrum íslenskum námsmönnum öðrum, þ. á m. tveimur prestum, þeim Ingólfi Ástmarssyni (1911–1994) og Guðmundi Guðmundssyni (1919–1998). Í Uppsölum stundaði hann nám í hebresku og arabísku en mest áhrif hafði lúthersrenessansinn svonefndi á hann og kynnin af hinni menningarlegu sænsku kirkju. „Það fór vel að mínum smekk þessi samruni þjóðmenningar, bókmennta, tilbeiðslu og trúar og svo fornálanámið.“⁸

Þegar Þórir Kr. tók við kennslustólnum í gamltestamentisfræði árið 1954 af Ásmundi Guðmundssyni (1888–1969), er sá síðarnefndi var kjörinn biskup, þá hafði Þórir dvalið um árabíl á Norðurlöndum til að afla sér menntunar, nánar tiltekið í Árósum, Uppsölum og Lundi. Síðan hafði hann lokið embættisprófi í guðfræði við guðfræðideild Háskóla Íslands 1951 og að því loknu stundað nám og rannsóknir við guðfræðideild og heimspekideild (Oriental Institute) háskólans í Chicago 1951–1954.

Þórir var skipaður dósent við guðfræðideildina 1. október 1954, skv. þágildandi reglugerð. Hann var því aðeins þrítugur þegar hann kom að deildinni. Hann var síðan skipaður prófessor frá 1. september 1957. Meðal nýjunga í kennsluháttum sem Þórir beitti sér fyrir var að kennsla var tekin upp í hebresku á nýjan leik, en hún hafði ekki verið kennd frá því á dögum Prestaskólans. Það einkenndi kennslu Þóris að hann flutti sjaldan skrifaða fyrirlestra heldur leitaðist stöðugt við að stofna til umræðna við nemendur um námsefnið.⁹

Á árunum 1957–1959 fékk Þórir leyfi frá kennslu og hélt þá til Chicago þar sem hann hafði áður verið við nám frá 1951 til 1954. Auk þess að vinna að doktorsritgerð sinni í rannsóknaleyfinu í Bandaríkjunum var Þórir gistiprófessor við McCormick-prestaskólann í Chicago árin 1957–1959 meðan hann lagði lokahönd á doktorsritgerð sína sem hann varði síðan við Chicago-háskóla. Varð hann þar með fyrstur Íslendinga til að ljúka doktorsprófi á sviði gamltestamentisfræða. Það gerði hann með ritgerðinni *The Formhistorical Problem of Ex 34.6–7* (1959).¹⁰ Helsti leiðbeinandi hans í doktorsnáminu var dr. J. Coert Rylaarsdam (1906–1998). Athyglisvert uppgjör Þóris við þennan kennara sinn, sem hann mat mikils, er að finna í fjölríti Þóris *Um hebreska trúfræði*.

⁷ Þórir Kr. Þórðarson, Til stúdenta sem innritaðir eru í námskeiðið 01.01.01 *Hebreska* á haustmisseri 1993. Fjölritað bréf ásamt stafrófinu, dagsett á sumardaginn fyrsta 1993. Í fórum höfundar.

⁸ Jón Ormur Halldórsson, Gamla testamentið og nútíminn. Rætt við dr. Þóri Kr. Þórðarson um störf hans og áhugamál. *Sjómannið* 28. ágúst 1994. Framleiðandi: Nýja Bíó.

⁹ Hér byggji ég talsvert á grein minni „Gamla testamentisfræði“ (bls. 93–101) í kaflanum „Guðfræðideild Háskóla Íslands 1947–1997“ (bls. 89–181) sem sr. Guðni Þór Ólafsson ritstýrði í *Guðfræðingtalí 1847–2002*. Einnig er talsvert stuðst við grein Jóns Sveinbjörnssonar, „Um Biblíuguðfræði Þóris Kr. Þórðarsonar“, *Trú og þjóðfélag: Afmalisrit*, bls. 19–28.

¹⁰ Ritgerðin hefur aldrei verið gefin út en er varðveitt í handriti við Chicago-háskóla eins og raunar er algengt með bandarískar doktorsritgerðir.

Helstu fræðirit og greinar

Á sínum langa starfsferli sendi Þórir ekki frá sér margar bækur. Hann var engu að síður sívakandi í fræðunum, fylgdist mjög vel með því sem gerðist á alþjóðlegum vettvangi fræðanna og miðlaði því, ekki síst í kennsluhandritum og greinum hér heima. Margar af mikilvægustu greinum hans eru birtar í afmælisriti hans frá árinu 1994 með hinu lýsandi heiti *Trú og þjóðfélag* og hlutu þær þar verðugri vettvang og mun meiri lestur en þær hefðu ella fengið.¹¹ Í ritinu eru einkum birtar greinar Þóris um ritskýringu og guðfræði en einnig greinar hans um félags- og háskólamál og loks um samferðamenn en þær greinar höfðu oft á tíðum ýmsu að miðla um guðfræðilega afstöðu Þóris. Þá hafði afmælisritið að geyma þrjár greinar um Þóri eftir nána samstarfsmenn hans, guðfræðiprófessorana Björn Björnsson og Jón Sveinbjörnsson og heimspekiþrófessorinn og rektorinn Pál Skúlason. Þeim bar öllum saman um hve stór hlutur Þóris hefði verið í íslenskri guðfræði- og samfélagsumræðu. Meðal minnisstæðra guðfræðigreina Þóris úr afmælisritinu má nefna „Um skilning á Biblíunni“, „Í leit að lífsstíl: Formáli að siðfræði Gamla testamentisins“, „Glettni sem gríma raunveruleikans“ og „Lífshamingjan“. Sumar þessara greina standa býsna nærri trúarheimspeki en sú fræðigrein var Þóri alltaf hugleikin.

Einn nemenda Þóris orðaði það svo, að hann hefði ekki síst skrifað bækur í hjörtu nemendanna. Áhrif hans voru mikil og óumdeild, ekki bara á sviði fræðanna í þröngum skilningi heldur líka í þjóðfélagsumræðunni.

Síðari árin á starfsferli Þóris lét hann í auknum mæli bókmenntalegar aðferðir í ritskýringu til sín taka. Haustið 1991 hélt hann námskeið í boði heimspekideildar sem hann nefndi „Biblían af sjónarhóli nútímakenninga í bókmenntafræði.“¹² Læsilegt og afar áhugavert rit með sama heiti var fjölritað. Meðal efnis sem hann tók þar fyrir má nefna „Um bókmenntalega rýningu Rutarbókar“, „Sannleikurinn, Job og Gorkí“ og „Ljóðaljóðin“.

Þórir var vinsæll fyrirlesari og eitt rita hans er afrakstur erindis hjá Félagi áhugamanna um réttarsögu, *Yfirlit um lög og réttarfar í Mið-Austurlöndum og um hebreska löggjöf*. Það efni er nær því sem löngum var miðlægt hjá Þóri, þ.e. hefðir tengdar sáttmálanum og Annarri Mósebók. Þar er því m.a. slegið föstu að sáttmálinn sé lykillinn að merkingu laga Gamla testamentisins eins og þau hafa varðveist — og ekki nóg með það heldur sé sáttmálshugsunin „hvorki meira né minna en sjálfir innviðir kristinnar hugsunar og hugmynda helgra ritninga um þjóðfélag og söfnuð.“¹³ Nánar verður vikið að þessu riti aftar í þessari ritsmíð.

Þegar rit Þóris eru rædd er edlilegt að doktorsritgerðin fái sérstaka athygli og umfjöllun. Í *Kristilegu stúdentablaði* árið 1959 er að finna nokkuð ítarlega frétt af doktorsritgerð Þóris Kr. Þórðarsonar sem er við hæfi að birta hér:

¹¹ *Trú og þjóðfélag. Afmælisrit dr. Þóris Kr. Þórðarsonar prófessors*. Ritstjóri: Gunnlaugur A. Jónsson. *Studia theologica islandica* 8, 1994.

¹² Þórir Kr. Þórðarson, *Biblían af sjónarhóli nútímakenninga í bókmenntafræði*, Reykjavík: (án útg.), 1992.

¹³ Þórir Kr. Þórðarson, *Yfirlit um lög og réttarfar í Mið-Austurlöndum og um hebreska löggjöf: Erindi flutt hjá Félagi áhugamanna um réttarsögu 5. desember 1983 í Lögbergi*, Erindi og greinar 20, ritstj. Páll Sigurðsson, Reykjavík: Félag áhugamanna um réttarsögu, 1986, bls. 22.

Svo sem kunnugt er, hefur prófessor Þórir Kr. Þórðarson lokið doktorsvörn við Chicago háskóla í Bandaríkjunum. Er gleðilegt til þess að vita, að hinn ungi kennari í Gamla testamentisfræðum hefur leyst þetta af hendi með ágætum. Marga mun fýsa að kynnast því, hvert sé efnið, sem um fjallar í doktorsritgerð þessari, sem nefnist: *The Formhistorical Problem of Ex. 34, 6–7*.

Gamlatestamentisfræðin hafa oft verið erfið á ýmsa lund og villugjörn. Oft hefur verið dregið í efa, að Móses, höfuðpersónan í Gamlatestamentinu, hafi verið til. Mósebækur hafa verið tættar í tætlur, sem eru svo límdar saman með R-lími (R = ritstjóri). Þetta var einkum hlutverk svonefndrar heimildagreiningar. En svo hefur komið fram ný aðferð í rannsóknunum, helgisíðarannsóknin. Telja þeir fræðimenn, sem þar hafa lagt hönd að verki, frásagnir Biblíunnar um löggjöfina við Sínaí og sáttmálann þar, ekki vera af sannsögulegum atburði.

Hins vegar telur trúarbragðafræðin, að Móse hafi verið til, einhver mikil persóna, sem stóð að baki atburðum þeim, er gerðust fyrir landnám Ísraels.

Sínaítexturnir (II. Mós. 19–24 og 32–34) hafa verið höfuðviðfangsefnið í helgisíðarannsókninni viðvíkjandi Móse, en síðari textarnir (32–34) þó lítt kannaðir.

Þarna er það, sem Þórir Kr. Þórðarson drepur niður staf sínum. Telur hann að 19.–24. kafli séu sérstök heild og 32.–34. kafli einnig sjálfstæð heild. Hann telur, að sáttmálshátíðin á Sínaí hafi átt sér stað. Ennfremur, að 32.–34. kafli bregði upp sögulegri mynd af Móse við Sínaí í fyrirbæn fyrir lýðnum.

II. Mós. 34, 6–7 er að hans dómi ekki játningarformúla, heldur spámannlegur boðskapur um hjálpræðið:

„Drottinn miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður og gæzkuríkur og harla trúfastur, sem auðsýnir gæzku þúsundum og fyrirgefur misgerðir, afbrot og syndir, en lætur þeirra þó eigi með öllu óhegnt, heldur vitjar misgjörða feðranna á börnum og barnabörnum, já í þriðja og fjórða lið.“

II. Mós. 33 telur Þórir prófessor vera byggðan á orðalagi og stíl iðrunarsálms og syndajátningar í guðsþjónustunni, og að verið hafi í guðsþjónustunni iðrunarsálmur, syndajátning og aflausn. — Byggir hann þessa kenningu á Davíðssálmum og helgisíðum, sem fundizt hafa í Dauðahafs-handritunum.

Ályktanir út frá þessu eru margar, m.a. og ekki sízt þessar: Séu þessar niðurstöður réttar, er gildi þeirra mikið fyrir skoðun manna á Móse, á sáttmálshátíðinni og á guðfræði sáttmálans; Móses er þá söguleg persóna, sem vann hlutverk sitt, áður en Ísrael kom til Kanaanslands.¹⁴

Þórir hafði verið félagi í Kristilegu stúdentafélagi og naut velvildar og virðingar þar og ganga má út frá því sem vísu að þessi frétt byggist á viðtali við hann enda hæpið að nægileg þekking hafi verið til staðar innan ritstjórnarinnar til að skrifa um þetta flókna rannsóknarefni án aðstoðar hans. Ekki er ólíklegt að Þórir hafi lesið fréttina yfir og samþykkt lýsinguna, eins og oft er gert í slíkum ritum til að tryggja að ekkert misfarist.

Meðal þess sem doktorsritgerð Þóris leiðir í ljós er margt af því sem átti eftir að einkenna gamlatestamentisfræði hans. Hann leit svo á að Móse hafi verið söguleg persóna og að sáttmálshátíð á Sínaí hafi átt sér stað. Þessi álitamál taldi hann þó aldrei einföld og ræddi ítarlega í kennslustundum. Sannarlega var hann þeirrar skoðunar að myndun Mósebóka hefði verið flókin.

Um það efni má m.a. lesa í allitarlegu kennslufjölriti hans frá árinu 1988, Athuganir — frá ýmsum sjónarhornum — um köllun Móse: Innihald 2. Mósebókar. Þar skrifar hann m.a. svo: „... frásögn Annarar Mósebókar er til orðin við margvísleg þjóðfélagsleg áhrif, þar sem hún hefur orðið til undir ægishjálmni guðsþjónustunnar. ... Önnur Mósebók er því ekki ekki samin af einum manni er sat við skrifborð, heldur er tilurðarsaga hennar nátengd lifuðu lífi safnaðarins í guðsdýrkun og pólitísku lífi.“¹⁵

Guðfræði sáttmálans er hér á dagskrá, sem og tengsl hinna fornu texta við guðsþjónustuna og helgihaldið. Versin tvö úr Annarri Mósebók sem vísað er til í titli ritgerðar hans fá þá einkunn hjá Þóri sjálfum að vera „spámannlegur boðskapur um hjálpræðið.“

¹⁴ „Dr. Þórir Kr. Þórðarson“, *Kristilegt skólablað*, 1959, bls. 10.

¹⁵ Þórir Kr. Þórðarson, Athuganir — frá ýmsum sjónarhornum — um köllun Móse: Innihald 2. Mósebókar, kennslufjölrit, 1988, bls. 3. Í forum höfundar.

Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson (1941–2005) lýsti guðfræðilegu innihaldi ritgerðarinnar þannig í minningarorðum sínum um Þóri að hún fjallaði „um formsögu sáttmálsendurnýjunarkafla 2. Mósebókar, þar sem kristallast traustið á nánd Guðs í sögu þjóðar og manns, Guðs, sem skapar og vinnur máttarverk í sögu mannsins, talar til vor í orði mannglegra vara og er fundinn í tilbeiðslu safnaðar og guðsþjónustu í hinum virka degi, sem helgaður skal vilja Guðs með umhyggju fyrir sköpun hans, lífinu, mannum, ekki síst þeim sem hallur stendur.“¹⁶

Þess má geta að einn helstu talsmanna þess að sérstök endurnýjunarhátíð sáttmálans hafi farið reglulega fram í hinu forna Ísrael var Þjóðverjinn Artur Weiser (1893–1978). Hann skrifaði skýringarit um Davíðssálma¹⁷ þar sem rætur mjög stórs hluta Sálmanna voru raktar til þessarar hátíðar og var bók Weisers oft gagnrýnd fyrir ofuráherslu á þýðingu þessarar meintu hátíðar fyrir tilurð og mótun Sálmanna. Þórir hélt engu að síður árum saman tryggð við þetta skýringarit og notaði það lengst af í ritskýringarnámskeiði sínu um Davíðssálma og skrifaði fjölritaðar skýringar með því.

Sá texti sem Þórir valdi sér að viðfangsefni í doktorsritgerðinni er sannarlega ekkert léttmeti þó að hann sé aðeins tvö vers að lengd. Um hann verður aldrei fjallað öðruvísi en í margvíslegu samhengi og hinn kunnir ritskýrandi Brevard S. Childs (1923–2007) sagði síðar að k. 34 væri einn allra erfiðasti kaflinn í Annarri Mósebók að greina og skoðanir um hann væru enda mjög skiptar.¹⁸

Í síðari umræðum um þennan mikilvæga biblíutexta hefur oftsinnis verið vísað í doktorsritgerð Þóris með lofsamlegum ummælum. Það á t.d. við um doktorsritgerð Nathans C. Lane II, *Exodus 34:6–7: A Canonical Analysis*, frá árinu 2007. Lane lýsir innihaldi ritgerðar Þóris í stuttu máli og segir að verkið sé þýðingarmikið vegna þess að Þórir rökstyðji kröftuglega ekki aðeins upprunalega stöðu textans í helgihaldinu heldur sýni jafnframt nákvæmlega fram á hvaða hlutverki trúarjátningin hafi gegnt innan árlegrar hausthátíðar hinu fornu Hebraea.

Áður hafði Lane gert grein fyrir að Þórir hefði litið svo á að uppruni umræddrar trúarjátningar væri í hinni árlegu endurnýjunarhátíð sáttmálans. Hátíðin hefði innihaldið iðrunarhelgisiði og megintilgangur hennar hefði verið að kalla eftir fyrirgefning á syndum þjóðarinnar. Þá kenningu sína byggði Þórir á því að trúarjátningin birtist í mörgum harmsálmum Saltarans (69.5, 11; 79.8; 90.8; 130.3). Hið upprunalega samhengi í 2Mós 32–34 hefði haft að geyma alla nauðsynlega þætti hausthátíðarinnar: synd í samhengi helgisiðar, auðmýkingu og meðalgöngubæn um inngrip Guðs.¹⁹

Í vélrituðu kennsluerindi frá 24. nóv. 1976 um sáttmálann, sem merkt er „Berit“ (hebr. „sáttmáli, fyrirheit“) kemur vel fram hve sáttmálinn var Þóri alltaf hugleikinn. Þar skrifar Þórir m.a. eftirfarandi: „Það er eins konar vinnu-kenning mín eða vinnutilgáta mín, að berit þurfi að skilja út frá síðari Sínaí-períkópunni, sem er að mínu viti elzti textinn sem við fjöllum um, þegar berit ber á góma.“²⁰

¹⁶ Árni Bergur Sigurbjörnsson, „Minningarorð um dr. Þóri Kr. Þórðarson — flutt við útför hans í Hallgrímskirkju 6. mars 1995.“, *Orðið: Rit Félags guðfræðinema* 1995, bls. 9–15, hér 10.

¹⁷ Artur Weiser, *The Psalms: A Commentary*, London: SCM Press, 1962.

¹⁸ Brevard S. Childs, *Exodus: A Commentary*, London: SCM Press, 1974, bls. 604. Skýringarit Childs við Aðra Mósebók markaði viss þáttaskil í rannsóknasögunni því að þarna studdist hann við nýja aðferð sína í fræðunum sem átti eftir að verða mjög á dagskrá á komandi árum, hina „kanónísku“ ritskýringu eða ritskýringu sem studdist við samhengi alls helgiritasafnsins. Í formála sagði hann að tilgangur ritsins væri algjörlega guðfræðilegur. Viðfangsefni hans væri að skilja Exodus (Aðra Mósebók) sem ritningu kirkjunnar.

¹⁹ Lane, *Exodus 34:6–7: A Canonical Analysis*, bls. 5, og Thordarson, *Formhistorical Problem*, bls. 126–154.

²⁰ Þórir Kr. Þórðarson, *Berit, vélritað kennsluhandrit*, dags. 24. 11.1976. Í forum höfundar.

Sá texti sem Þórir á þarna við eru kaflarnir í 2Mós 32–34. Hann túlkar þá sem eins konar syndajátningu lýðsins og fyrirbæn Móse, ásamt baráttu hans við Jahveh um að hann veiti fyrirheiti og leiði fólkið áfram. Hins vegar sé þar boðuð fyrirgefning af hálfu Jahveh. Þórir segir að hápunktur þessa drama í síðari Sínaíperíköpunni sé sú yfirlýsing Jahveh í 34. kafla, að hann muni hér með gera *berit*.

„Þegar svo er litið á málið,“ segir Þórir „liggur það beint við að ætla að berit sé fyrst og fremst notað um eið þann er Jahveh sver og tákni því í raun fyrirgefningu hans og fyrirheiti.“²¹ Þannig má ljóst vera að Þórir sér Sínaísáttmálann nokkuð öðrum augum en oft hefur verið gert. Fyrirgefning og fyrirheit séu þar lykiltríði. Það er í stíl við það sem Þórir benti oft á, að mönnum hætti til að sjást yfir fagnaðarerindið í Gamla testamentinu og líta fyrst og fremst á það sem íþyngjandi lögmál.

Þá er þess að geta að Þórir skrifaði greinar í hið kunna alfræðirit *Encyclopaedia Britannica* árið 1962 um Abraham, Móse og sáttmálann. Vissulega eru það ekki langir kaflar sem þar birtust en sannarlega var það mikill heiður fyrir hinn nýbakaða doktor að hafa verið trúað fyrir þessu verkefni því að hér er um að ræða mikilvægar biblíu-persónur og eitt mikilvægasta guðfræðihugtak Gamla testamentisins. Vafalítið hefur dr. J. Coert L. Rylaarsdam, leiðbeinandi Þóris í doktorsnámi hans, hafði milligöngu um skrif Þóris í hið kunna alfræðirit en Rylaarsdam var ráðgefandi ritstjóri þar.

Ný kirkjuleg guðfræði

Í áðurnefndri stefnumarkandi grein Þóris frá árinu 1961 með heitinu „Ný kirkjuleg guðfræði“ kynnti hann hina tvíþættu áherslu sína: Annars vegar: Biblían *rannsakist* í ljósi þjóðfélagsins sem skóp hana²² — það var hinn sagnfræðilegi eða fornfræðilegi þáttur — og svo hitt sem hann taldi hið eiginlega markmið: Biblían *túlkist* í ljósi samfélagsins sem notar hana. Áherslan hvíldi sem sé sterkt á þjóðfélaginu, þá og nú, og samspili trúar og þjóðfélags.

Þórir segir að „þessi rannsóknarstefna útheimti náttúrlega könnun á guðþjónustu Hebraea á tímum Gamla testamentisins — og guðþjónustu frumkirkjunnar; enn fremur á lögum, þjóðskipulagi og menningu Forn-Hebraea, jafnt sem safnaðarskipan frumkirkjunnar.“²³ Hann segir að þannig hafi trúarbragðasögulegi skólinn orðið til þess „að ryðja brautina hinum kirkjulega skilningi á ritningunni.“²⁴

Ályktun hans er sú að þarna sé fengið samhengi við nútímann enda sé kristin kirkja beint framhald hins forna Ísraels eða Guðs lýðs. Og ritningin verði ekki skilin nema það verði innan þessa sama trúfélags, sem hún er runnin af.²⁵ Stefið mikla sé „hjálpræðisverk Guðs í fortíð, nútíð og framtíð, sem býður eftirfylgd og lærisveins líf.“²⁶

²¹ Sama heimild.

²² Hér er um að ræða áherslu trúarbragðaskólans svonefnda og ekki síst Þjóðverjans Hermanns Gunkels (1862–1932) á að grafast fyrir um uppruna hinna fornu texta í trúarsamfélaginu sem þeir voru taldnir sprotnir upp úr. Hið þýska orðalag Gunkels „Sitz im Leben“ hefur löngum síðar verið notað í kennslubókum víða um heim yfir uppruna og stöðu textanna í (trúar)lífi hinna fornu Hebraea. Gunkel er kunnastur fyrir formsögulega greiningu sína á Davíðssálmum, hvernig hann flokkaði þá niður í „Gattungen“ og við þá flokkun skipti greiningin á „Sitz im Leben“ viðkomandi sálms ekki minnstu máli. Hinir þættirnir voru form sálmsins og efnislegt innihald.

²³ Þórir Kr. Þórðarson, „Ný kirkjuleg guðfræði“, bls. 2.

²⁴ Sama stað.

²⁵ Sama heimild, bls. 3.

²⁶ Sama heimild, bls. 4.

Hin „kritisku“ biblíuvísindi hafi leitt til þess sem kalla mætti „enduruppgötvun Biblíunnar í kirkjulífi og guðfræði samtímans.“²⁷

Þegar Þórir fjallar um hve samábyrgðin sé hátt skrifuð í Gamla testamentinu kemur hann að því hugtaki sem er fyrirferðarmikið í allri guðfræðiumræðu hans, sjálfu sáttmálshugtakinu. Samábyrgðin er, segir hann, „grundvölluð á hugtakinu um eiginlegan uppruna þjóðarheildarinnar og grundvöllun trúarsamfélagsins, — á hugtakinu sáttmáli.“²⁸ Hann skerpir þessa hugsun ennfremur og segir: „Þessi sáttmálshugsun er ekkert minna en grundvöllur og rammi allrar trúarhugsunar í ritningunni allri og undirstöðuhugsun hins kristna fagnaðarerindis.“²⁹

Sagan, sagngeymd og söguritun, á sér fyrst og fremst rætur í guðsþjónustu Forn-Hebra í Gamla testamentinu. Hún er ekki minning liðins tíma einvörðungu heldur á hún fyrst og fremst við hér og nú, „er lifuð að nýju sem nútíðaratburður, einatt á dramatískan hátt í helgigöngum og drama guðsþjónustunnar.“³⁰ Þetta er lykilatriði fyrir Þóri og framsetningu hans því að með „þessu móti er gjáin milli fortíðar og nútíðar brúuð... Saga í ritningunni er þá bókstaflega ekkert annað en vettvangur mannlegs lífs í nútíð og framtíð sem í fortíð.“³¹

Í lokin heldur Þórir því fram að vandamál nútímaþjóðfélags séu „í aðalatriðum ekki óáþekkt þeim vanda, sem sneri að kennimönnum Gamla testamentisins: efnahagslegt réttlæti og samábyrgð allra þegna... Hið ábyrga þjóðfélag er kristin hugsun,“ segir hann ennfremur.

Þórir leggur sem sé áherslu á gildi helgihaldsins sem lykils að textunum. Hann lítur á helgihaldið sem tengiliðinn milli hins forna Ísraels, frumkirkjunnar og kristinnar kirkju í nútímanum. En helgihald er ekki aðeins helgihald í musteri og kirkju, eins og Jón Sveinbjörnsson prófessor, starfsbróðir Þóris, áréttaði í grein um biblíuguðfræði Þóris í afmælisriti hans.³²

Auk fræðistarfa, átti Þórir persónulegt bænaliíf og það var honum dýrmætt. Þegar hann lá síðustu árin löngum stundum á sjúkrahúsi vissi ég að hans góði nemandi og náni vinur sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson kom til hans á næstum hverju kvöldi og átti með honum bænastund.

Sálmarnir þýðingarmestir

Árið 1959 flutti Þórir fyrirlestra um Sálmanna og ritskýringu Gamla testamentisins.³³ Þessir fyrirlestrar hafa ekki verið gefnir út en eru varðveittir í handriti³⁴ og eru girnilegir til fróðleiks því að þar er að finna ýmsar áherslur sem ríma vel við það sem kom fram í stefnumarkandi grein hans tveimur árum síðar.

Það er vert að veita því athygli sem Þórir segir þarna fyrst af öllu: „Sálmarnir eru þýðingarmesta ritsafn Gamla testamentisins og ein þýðingarmesta bók í Ritningunni allri.“ Þessa staðhæfingu skýrir Þórir með því að Sálmarnir séu „ekki bókmenntaverk einstakra manna“. Þeir séu litúrgíur og guðsþjónustusálmur í senn, frá ýmsum tímum

²⁷ Sama stað.

²⁸ Sama heimild, bls. 7.

²⁹ Sama heimild, bls. 8.

³⁰ Sama heimild, bls. 9.

³¹ Sama heimild, bls. 10.

³² Jón Sveinbjörnsson, „Um biblíuguðfræði Þóris Kr. Þórðarsonar“, *Trí og þjóðfélag. Afmælisrit*, bls. 19–28, hér 24.

³³ Þórir Kr. Þórðarson, Fyrirlestrar um sálmanna og ritskýringu G.t. Kennsluhandrit. Í fórum höfundar.

³⁴ Sama heimild.

og eigi við margvísleg tækifæri. „Þeir endurvarpa til vor gegnum aldirnar öllum blæbrigðum hugarhræringa og trúarathafna Ísraels alls.“ Í Sálmunum fáum við heildarsýnina. Þar birtist á einum stað allt litrófið. „Öll trúarsaga Ísraels og guðfræði Gamla testamentisins að heita má er eins og opin bók fyrir þeim sem brotið hefur Sálmana til mergjar.“ Hann segir að gamlamenteisfræðin sjái nú (1959) þá miðlægu stöðu sem guðsdýrkunin, „kúltusinn“, skipaði í trú Ísraels. Æ skýrar komi í ljós að guðsdýrkunin sé „lykillinn að allri sögu og gerð hebresks átrúnaðar.“³⁵ Nú sé mönnum orðinn ljós sá mikli þáttur sem helgihaldið átti í myndunarsögu bókmennta Gamla testamentisins. Af því leiði að til að geta skilið Sálmana til fulls þurfum við að afla okkur vitneskju um hvað fram fór á hátíðunum.

Það sem er forvitnilegast í þessum fyrirlestrum Þóris um sálmana fyrir viðfangsefni þessarar greinar er sá hluti þeirra þar sem hann fjallar um afstöðu sína og aðferð í ritskýringu, þá aðferð sem hann nefnir „guðfræðilega ritskýringu“ og „díalektíska aðferð“.³⁶

Hann segir að í allri ritskýringu sé glímt við þann vanda að textinn sem skýrður er sé „í senn fornminjar og ávarp sem höfðar til okkar sjálfra“. Textinn sé annað og meira en en leifar fornrrar menningar. „Hann er rödd sem er töluð er í okkar eigin samtíð.“³⁷

Þessi er vandi ritskýringarinnar. Ég nefni þetta „díalektik“ ritskýringarinnar. Ritskýringin verður að fara fram við stöðugt samtal milli fortíðar og nútíðar ... Markmið ritskýringarinnar er, að mínum dómi, að láta textann tala þessum tveim röddum, annarri úr fortíð og hinni í nútíð.³⁸

Þórir teflir fornminjafraði upp sem andstæðu við guðfræði. Með guðfræði segist hann eiga við hina heimspekilegu og systematísku hlið guðfræðivísindanna, guðfræði sem þá fræðigreinin er leitast við að skilja boðskap ritninganna „frá sjónarmiði mannsins sem lifir og hrærist í umhverfi sínu í dag“.

Nú kynni einhver að halda að Þórir hafi verið lítill áhugamaður um fornleifafræði. Því fór víðs fjarri, enda tók hann snemma þátt í rannsókn á Dauðahafshandritunum sem fundust við Qumran árið 1947 og næstu ár. Hann hefur sagt að þau hafi verið sín „fyrsta ást í fræðunum.“³⁹ Hann skrifaði sérefnisritgerð sína til embættisprófs í guðfræðideild HÍ um Jesajahandritið, samanburð á einum kapítula þar skv. hinu nýja handriti og svokölluðum massóretatexta, sem er 1100 árum yngri. Þá tók hann þátt í fornleifauppgreftri í Jórdaníu.

Í þeim fyrirlestrum sínum sem hér eru til umræðu segir Þórir að fornleifafræðin hafi bylt við hinni gömlu skoðun frá aldamótunum 1900 á Gamla testamentinu þess efnis að það sé að engu hafandi um söguleg efni. Þvert á móti hafi í ljós komið við nýjustu rannsóknir fornleifafræðinga að Gamla testamentið sé merk söguleg heimild.

³⁵ Á þetta atriði hafði enginn lagt meiri áherslu en hinn kunnir norski gamlamenteisfræðingur Sigmund Mowinckel (1884–1965), og er ekki vafi á því að Þórir er með hann í huga, fyrst og fremst, þegar hann ræðir um mikilvægi guðsdýrkunarinnar til skilnings á Sálmunum og raunar Gamla testamentinu í heild. Þórir átti og studdist mikið við hið völduga rit *Mowinckels Offersang og sangoffer: Salmediktningen i Bibelen*. Osló: Forlagt av H. Aschehough & Co. (W. Nygaard). Rit þetta var síðar gefið út í enskri þýðingu enda hafði það að geyma mikilvægsta framlag Mowinckels til gamlamenteisfræðanna.

³⁶ Þórir Kr. Þórðarson, Fyrirlestrar um Sálmana og ritskýringu G.t., bls. 6.

³⁷ Sama rit, bls. 7.

³⁸ Sama rit, bls. 8.

³⁹ Jón Ormur Halldórsson, Gamla testamentið og nútíminn.

Þórir skrifaði og samkeppnisritgerð um Qumran-handritin og fleiri greinar um þetta forvitnilega efni skrifaði hann fyrir áhugasama lesendur hér heima.⁴⁰

Nokkrir áhrifavalda Þóris sem fræðimanns

Í áhuga Þóris á fornleifafræðinni sem mikilvægri stuðningsgrein biblíufræða má greina áhrif frá Albright-skólanum svonefnda í Bandaríkjunum sem kenndur er við William Foxwell Albright (1891–1971), sem var einhver áhrifamesti gamlatestamentisfræðingur og fornleifafræðingur á söguslóðum Biblíunnar úr hópi Bandaríkjamanna á 20. öld. Árið 1940 sendi hann frá sér bókina *From the Stone Age to Christianity*⁴¹ þar sem ekki leyndi sér í hve ríkum mæli hann áleit fornleifafræðina varpa ljósi á Biblíuna og þar kom einnig fram grundvallarafstaða hans til túlkunar Biblíunnar og trúarinnar. Albright varð fyrstur bandarískra fræðimanna til að heyra af fundi Dauðahafshandritanna og gera sér grein fyrir mikilvægi hans. Fræðilega var Þórir tvímælaust tengdur þessari stefnu í gamlatestamentisfræðunum, og raunar persónulega einnig. Tveir af kunnustu nemendum Albrights, þeir Frank M. Cross (1921–2012) og G. Ernest Wright (1909–1974), buðu Þóri stöðu gistiprófessors við McCormick Theological Seminary í Chicago er hann dvaldist þar í borg til að ljúka doktorsritgerð sinni. Segir það talsvert um í hvílíku álitu Þórir var þar vestra.

Þá ólst heil kynslóð íslenskra guðfræðinga upp við Ísraelssögu Johns Brights (1908–1995), sem upphaflega kom út árið 1959.⁴² John Bright vann doktorsritgerð sína undir handleiðslu Albrights. Ritgerðin fjallaði um konungdæmi Davíðs og birtist árið 1940. Sama ár tók Bright við prófessorsembætti og gegndi hann því þar til hann fór á eftirlaun 1975. Því hefur verið haldið fram að Bright hafi verið áhrifamesti talsmaður Albright-skólans svonefnda. Óhætt er að slá því föstu að Ísraelssaga Brights hafi verið miklu guðfræðilegri en helsti keppinautur hennar, Ísraelssaga Þjóðverjans M. Noths (1902–1968), sem kennd var víðast hvar um Evrópu á þeim tíma sem rit Brights bar höfuð og herðar yfir önnur rit þessa efnis á Íslandi og í Bandaríkjunum. Þórir var persónulega kunnur Bright og þakkar honum í formála hinnar áhrifamiklu Ísraelssögu sinnar fyrir fyrir aðstoð og yfirlestur.

Þegar rætt er um áhrifavalda í lífi og fræðum Þóris er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að áhrifavaldanna er ekki bara að leita meðal biblíufræðinga úti í heimi. Þeirra er ekki síður að leita í uppvexti Þóris hér heima á Íslandi. Það má t.d. lesa út úr greinum Þóris sjálfs um æskulýðsleiðtogana sr. Friðrik Friðriksson (1868–1961) og sr. Magnús Runólfsson (1910–1972).

Í grein sem Þórir skrifaði um sr. Magnús og upphaflega birtist í minningarriti um hann árið 1990⁴³ er Þórir mjög afdráttarlaus um áhrif Magnúsar á sig. Eftir afar lof-

⁴⁰ Þórir Kr. Þórðarson, Ethical Aspects on the Qumran Scrolls and the Damascus Document, vélrituð samkeppnisritgerð um dósentsembættið, 1954. Sjá einnig „Handritafundurinn mikli í Palestínu,“ *Víðförli* 1949, bls. 65–78, „Fornleifafræði og biblíurannsóknir,“ *Víðförli* 1952, bls. 70–75, og „Handritin frá Qumran og saga Essena,“ *Andvari* 1955, bls. 64–78.

⁴¹ William Foxwell Albright, *From Stone Age to Christianity: Monotheism and Historical Process*, John Hopkins Press, 1940. Albright var fyrstur bandarískra fræðimanna til að heyra af fundi Dauðahafshandritanna (Qumran-handritanna) og gera sér grein fyrir mikilvægi hans.

⁴² John Bright, *A History of Israel*, Louisville, Kentucky: Westminster John Knox Press, 1959 (2. útg. 1972, 3. útg. 1981). Bright þakkar Þóri Kr. Þórðarsyni aðstoð í formála þessarar bókar sinnar.

⁴³ Þórir Kr. Þórðarson, „Magnús Runólfsson: Frelsi fagnaðarerindisins og rökhugsun þess“, Síra Magnús Runólfsson, *Nokkrar prédikanir og ljóð auk minningagreina fæinna vina*, Reykjavík: Bókagerðin Lilja, 1990, bls. 149–155.

samleg orð um kynni sín af Magnúsi sem æskulýðsleiðtoga í Kaldárseli og í Korna-hlíð,⁴⁴ sem og frásögnina um yndið sem Þórir hafði af því að sitja undir prédikunum Magnúsar í „stóra salnum“ í KFUM, hefur hann eftirfarandi að segja í niðurlagi greinar sinnar:

Sem ég sit og skrifa þessa grein og skoða líf mitt í ljósi unglingsáranna, skil ég allt í einu hvaðan uppspöttulindirnar runnu að skilningi mínum og vinnuaðferð að lesa ritningarnar með þá spurningu í huga hvaða lærdóm megi draga af hverju ritningarorði um kristna kenningu og lífstúlkun í samtíð okkar: Það voru biblíulestrarnir, prédikanirnar og samtölin sem séra Magnús hélt sem tendruðu þennan loga sem hefur lýst mér æ síðan: að finna megi að baki hins sögulega skilyrta biblíutexta eilífan sáluhjálplegan boðskap sem farsælir líf okkar. Þessi sýn opnar leiðina fyrir vísindalega rýni textans sem mannlegrar afurðar en varpar um leið ljósi á Biblíuna sem vitnisburð um eilíf sannindi.⁴⁵

Sr. Árni Bergur ræðir í minningarorðum sínum þá köllun sem Þórir hafði numið á ungum aldri, að þjóna Guði: „[Þórir] bjó þar að áhrifum trú- og kirkjurækni bernskuheimilis og áhrifum á æskudögum í fylgd sr. Friðriks, áhrifum sem glæddu næmt skyn hans á samtvinnaðar rætur þjóð- og kirkjulegrar menningar.“⁴⁶

Námsár Þóris í Danmörku 1946–1949 eiga án vafa þátt í því að hann hefur orðið fyrir áhrifum frá Johannes Pedersen (1883–1977) og hinu mikla riti hans um lífsviðhorf Gamla testamentisins.⁴⁷ Í umfjöllun Þóris um merkingu hebreskra hugtaka vitnaði hann gjarnan í Pedersen. Í sendibréfi til höfundar þessarar greinar talar hann um að Pedersen hafi verið „ídeal mitt í æsku“, hann hafi talað á allt annan veg en Wellhausenisminn „og hef ég ætíð fylgt höfuðlínunum Pedersens í kennslunni.“⁴⁸

Persóna Móse

Þórir vísaði oft til doktorsritgerðar sinnar í kennslu og fyrirlestrum, beint og óbeint, eins og eðlilegt má teljast. Það á t.d. við um fjölrитаða ritsmíð hans, sem fyrr er nefnd, frá árinu 1988: Athuganir — frá ýmsum sjónarmiðum — um köllun Móse.⁴⁹ Þar talar hann um að þegar við lesum kaflana um sáttmálann, opinberun guðsviljans og hin guðlegu lög renni það upp fyrir okkur að við séum stödd við rætur guðsdýrkunar Hebraea, raunar við rætur biblíulegrar trúar, sem byggist á tvíþættri undirstöðu: Annars vegar auðsýni Guð miskunn og frelsar („fagnaðarerindi“) og hins vegar takist maðurinn þá ábyrgð á hendur að veita miskunn Guðs andsvar með því að elska náunga sinn og tigna Drottin („lögmál“).

Þórir bendir á að persóna Móse gangi eins og rauður þráður í gegnum alla bókina. Hann er á miðju sviði í 19. kaflanum og öllum síðari kapítulum. Við Sínaí, þar sem Guð opinberast sínu fólki, er Móse meðalgangarinn milli Guðs og manna er sáttmálgudspjónustan er haldin í fyrsta sinni. Það er vert að veita því athygli að Þórir segir orðmyndirnar „sáttmáli/sáttmál“ merkja allt í senn: (a) gudspjónustu, (b) trúarlega og siðferðilega stofnun, og (c) stjórnarfarslegan, pólitískan veruleika. Þannig fer ekki á milli mála að hann leit þetta hugtak mjög víðum skilningi.

⁴⁴ Þar voru sumarþúðir KFUM árið 1937.

⁴⁵ Þórir Kr. Þórðarson, „Magnús Runólfsson: Frelsi fagnaðarerindsins og rökhugsun þess“, bls. 155.

⁴⁶ Árni Bergur Sigurbjörnsson, „Minningarorð um dr. Þóri Kr. Þórðarson“, bls. 10.

⁴⁷ Þórir vitnar t.d. í Pedersen, *Israel 1–2: Sjæleliv og samfundsliv*, Kaupmannahöfn: Branner og Koch, 1958, í grein sinni „Lífshamingjan“, *Trú og þjóðfélag: Afmálsrit*, bls. 157–170, hér 159.

⁴⁸ Þórir Kr. Þórðarson, Sendibréf til höfundar, dags. 28. apríl 1987. Í fórum höfundar.

⁴⁹ Þórir Kr. Þórðarson, Athuganir — frá ýmsum sjónarmiðum — um köllun Móse. Þess má geta að Þórir fékk tilboð frá bandarísku útgáfufyrirtæki um að skrifa bók um Móse að loknu doktorsnámi sínu. Ekki varð þó af því. Það er engu að síður til marks um að hann hefur verið í miklu álitu og doktorsritgerð hans vakið athygli.

Þórir bætir við forvitnilegri hugmynd um embætti Móse er hann skrifar:

Vegna hlutverks Móse sem lögsögumanns og meðalgangara kviknar sú hugmynd í huga lesandans að hér sé að baki embætti „Móse“, embætti þess manns sem gegndi því hlutverki að vera spámannlegur meðalgangari og lögsögumaður við allar síðari sáttmálshátíðir, sem haldnar voru eftir að komið var til fyrirheitna landsins. Sé svo, hefur það skipt miklu máli að fá staðfest gildi þess embættis. Mér virðist að það sé einmitt höfuðatriði í frásögunni í „síðari Sínaíperíkópunni,“ Ex 32–34, að þar sé Móse veitt eins konar löggilding sem meðalgangara. Móse berst sinni trúarbaráttu og bænabaráttu fyrir því að hlotnast þessa löggildinguna á þann veg að honum auðnist að leiða lýðinn áfram til fyrirheitlandsins. Og löggilding hans, köllun hans, hlýtur að lokum staðfestingu með því að Guð veitir fyrirheit um björgun (34.9–10). Það er engu líkara, sýnist mér, en hér sé að baki viðleitni til þess að segja „ævisögu Móse“ og sögu embættis hans sem spámanns og meðalgangara í því augnamiði að leggja áherslu á andlegt vald guðsþjónustunnar.⁵⁰

Af þessu dregur Þórir þá ályktun að frásögn Annarrar Mósebókar sé orðin til við margvísleg þjóðfélagsleg áhrif og þar leggur hann sérstaka áherslu á mikilvægi guðsþjónustunnar sem hann segir að sé „frumkraftur sköpunarsögu þeirra texta sem heyra fjalli Guðs, opinberunarstað hans, og tjaldbúðinni (sem er fyrirmynd musterisins í Jerúsalem).“⁵¹

Mikilvægi fræðigreinarinnar guðfræði Gamla testamentisins

Þórir lagði jafnan mikla áherslu á mikilvægi fræðigreinarinnar guðfræði Gamla testamentisins og meginástæðuna tel ég vera þá að hann vildi aldrei meðhöndla texta Gamla testamentisins sem hreina fornfræði. Áhugi hans var ekki fyrst og fremst bundinn við tilurð textanna, baksvið þeirra og upphaflegt hlutverk þó að ekki drægi hann úr mikilvægi þess viðfangsefnis eða þeirra spurninga sem þar er spurt heldur virtist áhugi hans fremur mótast af því að hve miklu leyti hinir fornu textar vörpuðu ljósi á samtíð okkar.

Í sendibréfi til höfundar frá árinu 1984 talar hann með nokkru stolti um „sína línu“ í fræðunum, að hún sé að sanna sig að hafa sitt gildi, þegar hvarvetna sé kallað eftir meiri teológískum „relevans“ biblíufræðanna. Orðrétt skrifar hann síðan: „en tengslin við kirkjuna og þjóðfélagið hefur verið rauði þráðurinn hjá mér síðan 1954, tengsl ritningafræðanna við kirkju og þjóðfélag og tengsl guðfræðinnar við þjóðfélagið.“⁵²

Honum varð enda tíðrætt um mikilvægi þess að byggja brú frá hinum fornu textum yfir til samtíma okkar. Þegar hugað er að „brúarsmíðinni“ svokölluðu í biblíufræðum Þóris kunna þau áhrif sem hann varð fyrir hjá hinum kunna trúfræðingi Regin Prenter (1907–1990) í Árósum einhverju að skipta, en Prenter kvartaði undan því að biblíufræðingar skiluðu niðurstöðum sínum oftast þannig að trúfræðingar yrðu í raun að vinna alla vinnuna frá grunni. Trúfræðirit Prenters, *Skapelse og genlösnung*, sem kennt var um langt árabil við deildina hér, ber þessari afstöðu merki. Þar vinnur hann mjög með biblíutextana sjálfur.

Hefti sem Þórir skrifaði um sköpunarsögu fyrsta kafla Fyrstu Mósebókar árið 1986⁵³ með þarfir grunnskólakennara í huga er til marks um viðleitni hans til að fá texta Gamla testamentisins til að tala til samtíðar okkar. Hann taldi textana eiga annað og meira erindi en að vera fornfræði. Ef maður nálgæðist þá aðeins þannig væri

⁵⁰ Þórir Kr. Þórðarson, Athuganir — frá ýmsum sjónarhornum — um köllun Móse, bls. 2–3, þar sem hann vísar í doktorsritgerð sína.

⁵¹ Þórir Kr. Þórðarson, Athuganir — frá ýmsum sjónarhornum — um köllun Móse, bls. 3.

⁵² Þórir Kr. Þórðarson, Sendibréf til höfundar, dagsett 6. janúar 1984. Í fórum höfundar.

⁵³ Þórir Kr. Þórðarson, *Sköpunarsagan í fyrstu Mósebók. Ný viðhorf*. Reykjavík. Námsgagnastofnun, 1986.

guðfræðingurinn eins og sá sem tekur sér fyrir hendur að kryfja lík. Sannarlega taldi Þórir engu að síður hina málfræðilegu textagreiningu mikilvæga og nauðsynlega forvinnu. Sjálfur leit Þórir á sköpunarsöguna sem litúrgískan texta þar sem allt stefndi að sjöunda deginum, hvíld Guðs og þar með lofgjörðinni til Guðs. Sköpunarsagan væri því í eðli sínu lofsöngur til Guðs en fjarri því að vera einhver náttúruvísindaleg frásögn um tilurð heimsins. Þarna fer ekki á milli mála að Þórir leitast við að skila guðfræðilegri túlkun á þessum umdeilda texta, túlkun sem kennarar geti nýtt sér. Nemendur hans þekkja vel að Þórir var heldur ekki í neinum vandræðum með að glíma við og ræða þennan texta út frá flóknum textafræðilegum vandamálum frumtextans. Sú iðja leiddist honum sannarlega ekki en guðfræðileg ritskýring og heimfærsla til samtímans var honum jafnan ofarlega í huga.

Þórir hefur sjálfur tjáð sig um að trúarheimspeki hafi verið upphaldsfag hans á námsárunum í Árósum. Þessi áhugi hans endurspeglast í glímu hans við hina fornu texta hinna hebresku ritninga. Hann meðhöndlaði þá sjaldnast sem hreina fornfræði. Hann taldi verkefninu ekki lokið fyrr en þýðing textanna fyrir samtíð okkar hefði verið rædd. Þá afstöðu innprentaði hann rækilega nemendum sínum. Í þessu sambandi er rétt að nefna litla grein sem Þórir skrifaði um heimspekinginn kunna Martin Buber (1878–1965).⁵⁴ Hann segir að þau fjölmörgu verk sem Buber gaf út fjalli eiginlega bara um eitt stef sem komi fyrir aftur og aftur í öllu sem því hann skrifaði: Hvernig ferst einum manni við annan? „Ég og þú, — hvernig getur þetta tvennt náð saman?“⁵⁵

Þórir segir réttilega að guðfræðin hafi orðið fyrir miklum áhrifum frá Buber og spyrja má sig þeirrar spurningar hvort það gildi ekki um Þóri líka. Þórir segir að kannski megi segja að áhrif Bubers í guðfræðinni hafi fyrst og fremst verið í því fólgin „að hann sýnir fram⁵⁶ á að innsta opinberun sannleikans skeður aðeins við tvítal tveggja persóna.“ Þórir bendir síðan á að segja megi að þetta sé kjarnaatriði í hinum biblíulega skilningi á guðdóminum. Guð kalli á manninn, opni sig fyrir honum og maðurinn kallar á náunga sinn, á Guð. — Ekki virðist þessi hugsun fjarri þeirri sáttmálshugsun sem Þóri hefur orðið svo tíðrætt um. Og vert er að taka eftir því sem Þórir heldur fram nærri niðurlagi greinarinnar um Buber, þ.e. að þeir Gyðingar í Ísrael sem séu ekki beinlínis rétttrúaðir „lífí á“ Buber. „Þeim er þessi kenning um þýðingu samtalsins, að byggja brú yfir gjána sem skilur menn að, eiginlega kjarni lífsins.“⁵⁷

Þarna erum við minnt á hve Þórir talaði oft um að byggja brú, sbr. einkunnarorð hans: Biblían *rammsakist* í ljósi þjóðfélagsins sem skóp hana⁵⁸ — það var hinn sagnfræðilegi eða fornfræðilegi þáttur — og svo hitt sem hann taldi hið eiginlega markmið: Biblían *túlkist* í ljósi samfélagsins sem notar hana; sem sé, að byggja brú frá hinu forna samfélagi Hebrea yfir til samfélags okkar á líðandi stundu.

⁵⁴ Þórir Kr. Þórðarson, „Um heimspeki Martins Buber“, *Gangleri* 1979, bls. 43–51.

⁵⁵ Sama heimild, bls. 44.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 47.

⁵⁷ Sama stað.

⁵⁸ Hér er um að ræða áherslu trúarbragðaskólans svonefnda, ekki síst Þjóðverjans Hermanns Gunkels (1862–1932), á að grafast fyrir um uppruna hinna fornu texta í trúarsamfélaginu sem þeir voru taldir sprotnir upp úr. Hið þýska orðalag Gunkels „Sitz im Leben“ hefur löngum síðar verið notað í kennslubókum víða um heim yfir uppruna og stöðu textanna í (trúar)lífi hinna fornu Hebrea. Gunkel er kunnastur fyrir formsögulega greiningu sína á Davíðssálmum, hvernig hann flokkaði þá niður í „Gattungen“ (tegund, gerð) og við þá flokkun skipti ekki minnstu máli hvernig hann greindi „Sitz im Leben“ í viðkomandi sálmi. Hinir þættirnir voru: form sálmsins og efnislegt innihald.

Í greinni „Ný kirkjuleg guðfræði“ skrifaði Þórir og skáletraði er hann tjáði sig um sáttmálann frá Sínaí: *Sáttmálinn er í senn uppistöðubugsun guðspjónustunnar, kenningarinnar og þjóðfélagsbúsgjónarinnar*.⁵⁹

Þórir vildi skila niðurstöðum sem kæmu að gagni fyrir trúfræðina, prédikunarfræðina og umræðu í samtímanum yfirleitt. Það er því ekki fjarri lagi að hann hafi oft nálgast Gamla testamentið frá sjónarhorni trúarheimspekinnar, eins og haldið hefur verið fram. Þórir vildi ekki aðeins byggja brú frá hinum fornu textum yfir til samtíma okkar, heldur líka frá gamlamenteisfræðum yfir til annarra greina guðfræðinnar, svo sem trúfræði, kirkjusögu, trúarheimspeki og prédikunarfræði, að nýjatestamenteisfræðunum ógleymdum. Það var raunar viðleitni sem hann hafði kynnst við Chicago-háskólann. Sjálfur brúaði Þórir talsvert evrópsk og bandarísk viðhorf vegna kynna sinna af háskólum beggja vegna Atlantsála og sjálfur sagði hann að þegar hann liti til baka hefði nám hans í Chicago haft meiri áhrif í því að leiða hann að því sem hann nefndi ýmist samfélagslega eða guðfræðilega ritskýringu en nám hans í Uppsölum og Árósum.⁶⁰

Fljótin tvö og áhrifin frá J. Coert Rylaarsdam í Chicago

Í fyrri skrifum um Þóri Kr. Þórðarson og áhrifavalda í fræðilegu lífi hans hefur yfirleitt lítið sem ekkert verið rætt um dr. J. Coert Rylaarsdam (1906–1998), aðal-leiðbeinanda hans í Chicago. Hér skal að nokkru bætt úr því og því haldið fram að áhrifin frá Rylaarsdam hafi verið mjög umtalsverð, eins og oft er um leiðbeinendur í doktorsnámi.

Rylaarsdam var skipaður í prófessorsstöðu í guðfræði Gamla testamentisins við Chicago-háskóla árið 1945 en áður hafði hann gegnt prófessorsstöðu í gamlamenteisfræðum við New Brunswick Theological Seminary 1941–1945. Doktorsritgerð sína hafði hann varið við Chicago-háskóla 1944 en hún nefndist *Revelation in Jewish Wisdom Literature*. Mikið orð fór af Rylaarsdam sem kennara. Honum er í minningargrein lýst sem spámannlegri persónu.⁶¹ Hann var áhugasamur um gyðingdóm og er hans m.a. minnst í fræðunum fyrir framlag hans til samtals milli kristindóms og gyðingdóms. Í fjölmörgum fræðigreinum og fyrirlesturum lagði hann áherslu á samband og samtal Gyðinga og kristinna manna.

Í umfjöllun sinni um guðfræði Gamla testamentisins hélt hann því fram að þetta mikla ritsafn hefði ekki einn miðpunkt heldur tvo: Síkem og Síon. Í Síkem hafi sáttmálshefðirnar varðveist en í Síon hin konunglega hugmyndafræði og konungdæmi.

Arthur L. Merill, einn af nemendum Rylaarsdams, tekur þetta einkenni í afstöðu hans til guðfræði Gamla testamentisins upp í greininni „The Two Covenants: The Thought of J. Coert Rylaarsdam“ sem hann ritaði í afmælisrit Rylaarsdam til heiðurs.⁶² Með sáttmálunum tveimur á Merill þar við Sínaí- og Davíðssáttmálana, sem var lýst með aðeins öðrum orðum hér að ofan.

Í grein Merills kemur fram að Rylaarsdam hafi lagt sig fram um að sýna að Gamla testamentið hafi mikið til málanna að leggja í samtímaþjóðfélagsumræðu. Önnur

⁵⁹ Þórir Kr. Þórðarson, „Ný kirkjuleg guðfræði“.

⁶⁰ Jón Ormur Halldórsson, Gamla testamentið og nútíminn.

⁶¹ „In memoriam: J. Coert Rylaarsdam“, *The University of Chicago Chronicle* 17:16/1998.

⁶² Arthur L. Merill, „The Two Covenants: The Thought of J. Coert Rylaarsdam“, *Scripture in History and Theology: Essays in Honour of J. Coert Rylaarsdam*. Ritstj. Arthur L. Merrill, Thomas W. Overholt. Portland, Maine: Pickwick Press, 1997.

Mósebók (Exodus) hafi verið honum mjög mikilvæg vegna þess að opinberunin sé þar staðsett í sögunni og að sú opinberun hafi skapað trúarsamfélag.⁶³

Hér skal fyrst minnt á að doktorsverkefni Þóris undir handleiðslu Rylaarsdam var einmitt á sviði Annarrar Mósebókar (2Mós 34.6–7). Áhugi Þóris á því að byggja brú frá hinum fornu hebresku ritningum yfir til Þjóðfélags okkar tíma er vel þekkt enda eitt megineinkenni í fræðastarfi hans. Hann hefur sjálfur tjáð sig um þann áhuga megi rekja til dvalar hans í Bandaríkjunum. Þannig sýnir hvort tveggja skyldleika við læriföður hans.

Enn áhugaverðara er það atriði hjá Þóri sem m.a. kom fram í minnisstæðu sjónvarpsviðtali hans við Jón Orm Halldórsson. Þar ræðir hann um hinn mikla fjölbreytileika Gamla testamentisins og dregur upp hliðstæðu af lækjarsprænum sem sameinast í lækni sem renna út í fljótið og þá vakni spurningin hvort sé fljótið. Sem svar við því kys hann að tala um tvö fljót „svipað og þegar Hvíta og Sogið renna saman í Ölfusá.“⁶⁴ Þórir segir að svipað gildi um Gamla testamentið. Aðra „línuna“ vilji hann einkenna með orðinu Sínaí, hina með nafni Jesaja. Frá Sínaí koma lögin og áherslan á frelsi mannsins og ábyrgð hans. Frá Jesaja, og raunar fyrr, komi hinn hveli lúðurhljómur fagnaðarerindisins. Áhersla sé lögð á miskunn Guðs sem veitist mönnum þrátt fyrir illsku þeirra og ábyrgðarleysi. Þessir tveir þættir tvinnast saman gegnum alla Biblíuna, Gamla og Nýja testamentið, og gegnum alla sögu guðfræðinnar.

Skyldleikinn við Rylaarsdam fer ekki á milli mála hér. Þó að Þórir nefni ekki sáttmálann beinlínis á nafn hér að þá stendur Sínaí auðvitað fyrir Sínaísáttmálann og tengsl Jesaja við Síon þekkja allir þeir sem kunnir eru Gamla testamentinu. Þórir er vana sínum trú og tengir efnið við samtímann og segir: „Þegar kirkjan leggur áherslu á annan þáttinn aðeins og gleymir hinum hefur hún hætt að vera kirkja sem byggð er á bjargi aldanna, á Biblíunni og hinni upphaflegu kenningu.“⁶⁵

Þess skal að lokum getið að ekki fór á milli mála að Rylaarsdam hafði mikið álit á Þóri.

Sáttmálinn og spurningin um þungamiðju Gamla testamentisins

Þóri verður tíðrætt um sáttmálann í skrifum sínum, eins og þegar er fram komið. Það leynir sér ekki að hann telur að þar sé um að ræða eitt af grundvallarstefjum Gamla testamentisins. Innan fræðasviðsins hefur mikið verið fjallað um þá spurningu hvort eitthvert stef eða trúarhugmynd innan þess fjölskrúðuga ritsafns sem Gamla testamentið er, rísi undir því að geta talist samnefnari alls efnisins, þungamiðja þess eða hinn rauði þráður. Þekktust er lausn Þjóðverjans Walter Eichrodt (1890–1978) sem hélt því fram, í þriggja binda riti sínu um guðfræði Gamla testamentisins sem kom út á árunum 1933–1939, að sáttmálinn væri þessi þungamiðja og byggði verk sitt upp út frá því.

Þórir talar víða á líkum nótum þó að annars staðar vari hann við því að gera nokkru hugtaki eða trúarhugmynd Gamla testamentisins svo hátt undir höfði. En ekki fer á milli mála að sáttmálinn gegndi miklu og stóru hlutverki í allri hugsun hans um Gamla

⁶³ Sama heimild, bls. 13.

⁶⁴ Jón Ormur Halldórsson, Gamla testamentið og nútíminn.

⁶⁵ Sama heimild.

testamentið og umfjöllun. Það þarf heldur ekki að koma á óvart í ljósi þess að doktorsverkefni hans er unnið innan sáttmálshefðar Gamla testamentisins.

Þetta bendir Björn Björnsson prófessor (1937–2008), náinn vinur og samverka- maður Þóris um langt árabli, á í snjallri grein í afmælisriti Þóris. Þar skrifar Björn: „Samfellan í guðfræðihugsun dr. Þóris er sáttmáli Guðs við gjörvalla sköpun sína, um líf og gnægtir, réttlæti og frið, — um landið, sem er gott og víðlent, sem flýtur í mjólk og hunangi; sáttmáli staðfestur af Guði til fullra heilla þeim sem varðveita lög hans og skipanir“.⁶⁶

Þetta fannst mér líka sjálfum er ég sat námskeið í frjálsu námi um sáttmálann hjá Þóri árið 1976. Þar var rit Dennis J. McCarthy um sáttmálann⁶⁷ lagt til grundvallar umræðu og rannsókn á biblíutextunum sjálfum með hliðsjón af hebreska frumtext- anum. Þá lagði Þórir mikla áherslu á mikilvægi þessarar hugsunar þótt aldrei væri dregið úr því hve álitaeftin væru mörg, til dæmis spurningin: Af hverju nefndu áttundu aldar spámennirnir sáttmálann varla á nafn? Ekki duldist okkur þátttakend- unum í námskeiðinu hinn mikli áhugi Þóris á efninu. Ekki fór heldur á milli mála að hann leit svo á að merkingarvið sáttmálshugtaksins og hugsunin að baki því hefðu grundvallargildi í Gamla testamentinu og raunar bæði hebreskri og kristinni trúar- hugsun.

Í fyrirlestri Þóris *Yfirlit um lög og réttarfar í Mið-Austurlöndum og um hebreska löggjöf*, sem gefinn var út og fyrr er getið, dylst ekki hve hátt hann gerir sáttmálanum undir höfði.⁶⁸ Í einum kafla ritsmíðar þessarar, er hann nefnir „Devterónómíum og sátt- mál“,⁶⁹ vekur Þórir athygli á því að „flestir lagabálkar Gamla testamentisins birtast okkur sem liður í sáttmálshátíð. Forn ákvæði ættarsamfélagsins hafa verið tekin upp í helga ritúaltexa hátíðarinnar.“ Hann segir að þetta eigi bæði við um Sáttmálsbókina og P-lögin í Annarri og Fjórðu Mósebók en hvergi komi þetta glegggra fram en í hinum mikla bálki devterónómskra laga í Fimmtu Mósebók. Sú bók sé öll fram sett sem mikil sáttmálsendurnýjarhátíð á Móabsheiðum, er haldin var þar áður en gengið var yfir ána Jórdan og inn í Fyrirheitna landið.

Þórir slær því föstu að sáttmálinn sé lykillinn að merkingu laga í Gamla testa- mentinu. Segja má að hann dragi saman efnið með þeim orðum að þegar Guð birtist manningum og gerir miskunn sína að veruleika í lífi hans, ætlist hann til andsvars, andsvars kærleika mannsins við kærleika Guðs. Hann bætir svo við því atriði sem er sýnilega mjög afgerandi í guðfræði hans:

Og þar sem kærleikur á máli ritninganna er ekki tilfinning heldur athafnir (virk umhyggja) þá ætlast Guð til þess að maðurinn sýni ábyrgð gagnvart meðbræðrum sínum og systur í félagslega ábyrgri afstöðu til lífsins, til náttúrunnar og umhverfisins og til annars fólks. Og niðurstaða hans verður því: „Hin félagslega ábyrgð er þannig rótgróin í hjartastað kristindómsins. Þessi meginafstaða er vitaskuld komin frá hebreskum átrúnaði og sið.“⁷⁰

Hér ætti ekkert að fara á milli mála hversu miklar afleiðingar sáttmálshugsunin hefur, sé hún skilin réttum skilningi og réttilega iðkuð.

Þegar Þórir skrifar, seint á ferli sínum, um Ljóðaljóðin, það rit sem ekki fékk auð- veldlega inngöngu í helgiritasafn Gamla testamentisins, þessi ástarljóð þar sem Guð er ekki einu sinni nefndur á nafn, þá hefur Þórir þetta að segja í niðurlagi umfjöllunar

⁶⁶ Björn Björnsson, „Guðfræðin og guðfræðingurinn“, *Trú og þjóðfélag: Afmælisrit*, bls. 13–18, hér 15.

⁶⁷ Dennis J. McCarthy, *Old Testament Covenant: A Survey of Current Opinions*, Oxford: Blackwell 1972.

⁶⁸ Þórir Kr. Þórðarson, *Yfirlit um lög og réttarfar í Mið-Austurlöndum*.

⁶⁹ Sama heimild, bls. 21–23.

⁷⁰ Sama stað.

sinnar: „kvæðið ... kveikir nú í mér, og hugsanir vakna um *gagnkvæma skuldbindingu* sem kjarna tilverunnar, til skuldbindingar kærleikans milli Guðs og manna og milli manna innbyrðis.“⁷¹ Þarna notar Þórir orðalag sem er nánast alveg samhljóma því er hann notar þegar hann skýrir sáttmálann í Gamla testamentinu og styður því enn frekar við þá hugsun að sáttmálinn hafi í raun verið honum hin raunverulega þungamiðja Gamla testamentisins í öllum þess fjölbreytileika. Jafnvel þegar áhersla Þóris, á síðustu kennsluárum sínum, færðist meira yfir á bókmenntafræðilega greiningu textanna en áður mátti þannig víða greina að sáttmálinn var ekki langt undan.

Í prédikun sem Þórir nefndi „Landið og ábyrgðin“ og flutti í fyrsta desembermessu í kapelli Háskólans árið 1989 í tilefni af fjörutíu ára afmæli Félags guðfræðinema kemur vel fram hve sáttmálshugmyndin gegnir stóru hlutverki í guðfræðilegri hugsun hans.⁷²

Hugtökin sáttmáli, ábyrgð og andsvar koma aftur og aftur fyrir í prédikuninni. Þórir segir að ekki megi gleyma því að landið er gjöf og bætir við „að gjöfin leggur okkur þá skyldu á herðar að veita andsvar gjöfinni, að sjá til þess að landið og landgrunnið dafni og allt líf megi viðhaldast. Það eru boðorð Guðs, lög sem okkur er lagt á herðar að gæta. Gleymum við því mun illa fara.“

Í prédikuninni er lagt út af texta 5Mós 11 þar sem landinu sem fólkinu er gefið er lýst á ljóðrænan hátt, yfirnáttúrulegan hátt nánast eins og það væri Paradís. Þar segir m.a.: „landið sem Drottinn Guð þinn annast. Stöðuglega hvíla augu Drottins Guðs þíns yfir því frá ársbyrjun til ársloka“ (5Mós 11.12).

Þórir segir að hér komi fram það einkenni Fimmtu Mósebókar (Deuteronomium) að hún sé að meginefni prédikun fremur en lög, hún sé hvatningarræða.

Hann leggur, í anda sáttmálsguðfræðinnar, áherslu á mikilvægi andsvars og ábyrgðar fólksins er hann segir: „Landið og gæði þess er guðsgjöf, og slík gjöf verður ekki þegin nema með andsvari við kærleika þess sem gefur. Og það andsvar er ábyrgð manna á landinu og ábyrgð þeirra á náunganum og gagnvart Guði.“

Nokkru síðar nefnir Þórir sáttmálann á nafn í þessu sambandi: „Kenning textans okkar um landið góða og gjafir þess og gæftir er tengd sáttmála Guðs og manna. Fagnaðarerindi og lögmál eru tvær hliðar sama penings.“ Síðan bætir hann við að kenningin um gjöf Guðs sé „einnig draumurinn um land réttlætis og sannleikans.“

Síðar segir Þórir að draumurinn sé krafa til okkar. „Að við uppfyllum okkar hlið sáttmálans, leyfum náttúrunni og lífríki lands og sjávar að blómgast og dafna og bera frjó og afkvæmi í hafinu og á landinu, - og sýnum réttlæti í gjörðum okkar. Það ætti að vera inntak hvers fullveldisdags.“

Í niðurlagi prédikunarinnar kemur Þórir enn á ný inn á sáttmálann og gerir þar grein fyrir hvernig hann hefur útfært sína biblíulega hugsun er hann starfaði að stjórn-málum á sjöunda áratug síðustu aldar. Hann segir: „Sáttmálinn innifelur lögin, sið-gæðið og ábyrgðina sem við berum hvert á öðru og fyrir lífinu sjálfu, Guði. Hin félagslega ábyrgð er þannig brennipunktur kristindómsins. Þegar ég var sveitar-stjórnarmaður á fyrri árum reyndi ég að útfæra hina biblíulegu hugsun um félagslega ábyrgð á pólitískan hátt í starfi mínu að stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og nýrra starfshátta að endurhæfingu þeirra þegna hennar sem þurfa með.“

⁷¹ Þórir Kr. Þórðarson, *Biblían af sjónarhóli nútímakenninga í bókmenntafræði*, bls. 122.

⁷² Í forum höfundar.

Þarna vísar Þórir til þess — sem er almennt viðurkennt — að hann hafi verið hugmyndafræðingurinn að stofnun Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og þeirra nýju starfshátta sem þeirri stofnun fylgdu.

Þessi áhugaverða prédikun svarar ekki beinlínis spurningunni um það hvort Þórir hafi álitid sáttmálshugmyndina vera þungamiðjuna í guðfræði Gamla testamentisins. Prédikunin er hins vegar skýr vitnisburður um hve sáttmálinn og þær hugmyndir sem honum eru tengdar voru stór og mikilvægur þáttur í guðfræðilegri hugsun Þóris Kr. Þórðarsonar.

Afmælisrit Þóris frá árinu 1994 bar yfirskriftina *Trú og þjóðfélag* ins og áður var greint frá. Það heiti var engin tilviljun. Þórir hafði breytt nöfnunum á hinum hefðbundnu inngangsnámskeiðum Inngangsfræði Gamla testamentisins og Ísraelssaga annars vegar í Saga og bókmenntir Hebraea og hins vegar í Trú og þjóðfélag Hebraea. Að baki þessum breytingum hans fólst áherslan á það að byggja brú frá hinum fornu textum, frá hinu forna samfélagi sem þeir voru sprotnir upp úr, yfir til samfélags okkar. Róta þeirrar viðleitni var að leita í sáttmálshugsun hans. Hér verður efni þessa ritsafns ekki rakið en það hefur að geyma margar af athyglisverðustu greinunum sem eftir Þóri liggja. Það leynir sér ekki að hlutur guðfræðilegrar umræðu er mun stærri en málfræðilegrar og textafræðilegrar ritskýringar.

Það skýrist af því að hugur Þóris var alltaf bundinn af því að byggja brú frá hinum fornu textum til samtíðar okkar, af því hvernig mætti nota þessa texta og virkja í samfélagi samtímans til heilla bræðrum okkar og systur.

Þegar allt kemur til alls og þegar hinar fjölbreytilegu fræðigreinar Þóris og kennsluefni hans er gaumgæft verður ljóst að sáttmálshugsunin er þar yfir, undir og allt um kring.

Samantekt og niðurstöður

Niðurstaða þessarar greinar er í meginatriðum sú að Þórir lét aldrei nægja að rannsaka hina fornu biblíutexta sem hreina fornfræði. Honum var það kappsmál að rannsaka þá í ljósi þess þjóðfélags og þeirrar guðsþjónustu sem þeir voru sprotnir upp úr og túlka þá í ljósi þess samfélags og þeirrar kirkju sem notaði þá. Hann var sífellt að byggja brú frá hinum fornu tímum yfir til samtíma okkar. Textarnir voru ekki aðeins viðfangsefni í rannsóknum hans heldur hluti af tilbeiðslu hans og bænalífi. Sáttmálshugtakið, skilið víðum skilningi, var fyrir honum mikið grundvallarhugtak, án nokkurs vafa það mikilvægasta í Gamla testamentinu. Skilningur hans á því var honum jafnframt leið til að draga hina fornu texta og túlkun hans á þeim inn í samfélagsumræðuna hér á landi. Þannig átti t.d. hugmynd hans að Félagsmálastofnun Reykjavíkur rætur í biblíulegri túlkun hans á hinum fornu textum, ekki síst sáttmálstextunum.

Áhrifavaldar Þóris í fræðilegum efnum voru margir, bæði hér á landi og erlendis, eins og vænta mátti af svo víðförlum og opnum manni. Hér var þó sérstaklega vakin athygli á tveimur þeirra, sem eiga það raunar sameiginlegt að hafa ekki verið svo mjög dregnir inn í umræðuna þegar fjallað hefur verið um Þóri. Er þar annars vegar átt við æskulýðsleiðtogann sr. Magnús Runólfsson (1910–1972) en um hann hefur Þórir

sjálfur sagt að upp hafi lokist fyrir sér síðar (1990)⁷³ að frá honum séu uppspettulindirnar að skilningi sínum og vinnuaðferð runnar. Hins vegar er það leiðbeinandi Þóris í doktorsnáminu í Chicago, dr. J. Coert Rylaarsdam (1906–1998). Rylaarsdam var mjög mikið kappsmál að sýna fram á þýðingu hinna fornu texta Gamla testamentisins fyrir ýmis mikilvæg þjóðfélagsmál á líðandi stundu, auk samtalsins við gyðingdóm. Slík heimfærsla hinna fornu texta til nútímans átti ekki síst við Aðra Mósebók (Exodus) þangað sem doktorsverkefni Þóris var sótt, og þar lagði hann áherslu á mikilvægi sáttmálshugtaksins. Kannski koma þó áhrifin frá Rylaarsdam einna skýrast í ljós þegar hann talar um tvo meginstrauma Gamla testamentisins, sáttmálana tvo sem kenndir voru við Sínaí og Síkem annars vegar og Síon hins vegar. Þann þráð tók Þórir undir og kynnti t.d. í afar minnistæðu. Þannig er sáttmálshugsunin og glíman við hana þar enn á ferðinni.

Hin mikla áhersla Þóris á sáttmálshugtakið er í samræmi við áherslu sem var býsna ríkjandi innan gamlatestamentisfræðanna eftir síðari heimsstyrjöldina. Útgáfa Þjóðverjans W. Eichrodt á þriggja binda verki sínu um guðfræði Gamla testamentisins á árunum 1933–1939 átti mikinn þátt í þeirri þróun. Það mikla verk byggði hann allt kringum sáttmálshugsunina sem hann sagði vera þungamiðjuna í Gamla testamentinu. Í kjölfarið varð mikil gróska í útgáfu rita um guðfræði Gamla testamentisins og sömuleiðis um leitina að þungamiðju þessa hebreska ritsafns. Almennt þótti Eichrodt hafa haft vinninginn í þeirri leit. Þó að Þórir mæti það réttilega svo að kennslubók Eichrodts væri of mikil að vöxtum til að henta sem kennslubók í námskeiði um guðfræði Gamla testamentisins vísaði hann jafnan mikið til hennar. Fræðileg hugsun Þóris er að því leyti í samræmi við tíðarandann upp úr seinni heimsstyrjöldinni, en hann lagði þó ætíð jafnframt mikla áherslu á fjölbreytileikann í Gamla testamentinu. Sérstada hans gagnvart meginstraumi fræðanna var líklega sú hve mikla áherslu hann lagði á heimfærslu hinna fornu texta til samtíma okkar og til annarra greina guðfræðinnar. Þar má að hluta til greina mótun hans í bernsku hjá KFUM, að nokkru líka frá vini hans, trúfræðiprófessornum Regin Prenter í Árósum, en einnig frá fræðimönnum eins og Martin Buber sem hann las mikið og síðast en ekki síst leiðbeinandanum í doktorsnáminu í Chicago, Rylaarsdam prófessor. Þórir heillaðist mjög af helgihaldinu í Skandinavíu á námsárum sínum þar, bæði í Uppsölum og Árósum, og áhersla hans á að skoða hina fornu texta í ljósi helgihaldsins hefur átt sínar rætur þar.

Í huga hans var sáttmálinn alltaf tengdur tilbeiðslunni og átti að leiða til andsvars og ábyrgðar hins trúaða manns gagnvart samfélaginu. Í þessu ljósi endurspeglar heiti þessarar greinar megináherslur í guðfræði Þóris Kr. Þórðarsonar: Sáttmáli, tilbeiðsla og samfélag.

⁷³ Þórir Kr. Þórðarson, „Magnús Runólfsson: Frelsi fagnaðarerindisins og rökhusun þess“.